

Snæfellsbær
Karitas Hrafns Elvarsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 13. október 2022
UST202210-052/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 – 2031 og nýtt deiliskipulag – Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar og nýju deiliskipulagi fyrir Dritvíkurveg og Djúpalónssand.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gengur út á að skilgreina nýjan áningarstað við gatnamót Dritvíkurvegur og Útnesvegur til að minnka álagið á svæðinu við Djúpalónssand. Á nýja áningarstaðnum verða bíla- og rútustæði auk snyrtinga. Áform eru um skutluþjónustu milli efra og neðra bílastæðis, þannig að ekki þurfi að aka stærri rútum að neðra bílastæðinu. Núverandi snyrting verður fjarlægð við Djúpalónssand, en bílastæðin verða lagfærð og útbúin sleppistæði fyrir rútur.

Auk þessa er gert ráð fyrir að Dritvíkurvegur verði bættur með útskotum og lagður verður um 1,8 km göngustígur frá nýja áningarstaðnum að Djúpalónssandi. Þegar hefur verið borað eftir neysluvatni austan við Útnesveg sem nýtist fyrir þjónustuhúsið. Breyting verður gerð á aðalskipulagi sveitarfélagsins á svæði AF-U-7: Djúpalónssandur og Dritvík, hvað þetta varðar. Skipulagssvæðið eru rúmir 9 ha.

Fráveita

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar segir að hreinlætisaðstaða við bílastæðin séu óásættanleg, en stofnunin getur ekki tekið undir það. Umhverfisstofnun bendir á að aðstaðan sé gömul, vel við haldið, en anni ekki eftirspurn.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveitan sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Gjaldtaka

Í greinargerð kemur fram að rætt hefur verið um gjaldtöku á bílastæðum á núverandi stað til að auka notkun efra svæðisins

Umhverfisstofnun vill benda á a ekki hefur verið mótuð stefna varðandi gjaldtöku innan friðlýstra svæða sem eru í umsjón Umhverfisstofnunar.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu sé hraun (Hólahraun) sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast

röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur